

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar

FUNDARBOÐ – 341. FUNDUR

Fundur er boðaður í bæjarstjórn Snæfellsbæjar, fimmtudaginn 7. janúar 2021 og hefst hann í **Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 14:00.**

Dagskrá bæjarstjórnarfundarins:

- 1) Fundargerð 135. fundar hafnarstjórnar Snæfellsbæjar, dags. 21. desember 2020.
- 2) Fundargerð 164. fundar Heilbrigðisnefndar Vesturlands, dags. 15. desember 2020.
- 3) Fundargerð 429. fundar stjórnar Hafnasambands Íslands, dags. 26. nóvember 2020.
- 4) Fundargerð 430. fundar stjórnar Hafnasambands Íslands, dags. 11. desember 2020.
- 5) Þinggerð 42. þings Hafnasambands Íslands, dags. 27. nóvember 2020.
- 6) Bréf frá leikskólastjóra, dags. 4. janúar 2021, varðandi aukafjárveitingu vegna reksturs leikskólans á árinu 2020.
- 7) Bréf frá skipulags- og byggingarfulltrúa, dags. 5. janúar 2021, varðandi landsskipulagsstefnu 2015-2026.
- 8) Bréf frá Samtökum dagnótamanna, dags. 18. desember 2020, varðandi skýrslu Breiðafjarðarnefndar.
- 9) Svarbréf Breiðafjarðarnefndar til samtaka dragnótamanna, dags. 21. desember 2020, varðandi framtíð Breiðafjarðar.
- 10) Bréf frá Skorradalshrepp, dags. 10. desember 2020, varðandi höfnun hreppsins á fjárhagsáætlun HEV og gjaldskrártillögu HEV fyrir árið 2021, ásamt svarbréfi HEV, dags. 18. desember 2020.
- 11) Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dags. 17. desember 2020, varðandi lokaskýrslu um tilraunaverkefni um sérstakan húsnæðisstuðning.
- 12) Bréf frá samtökum grænkerana á Íslandi, dags. 29. desember 2020, varðandi áskorun til sveitarfélaga um skýr markmið varðandi framboð grænkerafæðis í skólum, ásamt áskorun sömu samtaka, sama efnis, til allra leik- og grunnskóla landsins.
- 13) Minnispointar bæjarstjóra.

Snæfellsbæ, 5. janúar 2021
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri

135. fundur hafnarstjórnar Snæfellsbæjar haldinn mánudaginn 21.12. 2020, kl. 20.30 í Félagsheimilinu Klifi Ólafsvík.

Mættir: Jón Bjarki Jónatansson formaður,
Þóra Olsen,
Pétur Pétursson,
Sæunn Dögg Baldursdóttir,
Hallgrímur Á. Ottósson,
Björn Arnaldsson hafnarstjóri.

Formaður setti fundinn.

1. Bréf frá bæjarritara dags. 13.11. 2020, varðandi samþykkt bæjarstjórnar á fundargerð 133. fundar hafnarstjórnar. Lagt fram til kynningar.
2. Fundargerðir stjórnar Hafnasambands Íslands nr. 425 dags. 24.08., nr. 426 dags. 28.09., nr. 427 dags. 19.10. og nr. 428 dags. 13.11. 2020. Lagt fram til kynningar.
3. Gjaldskrá hafnarsjóðs fyrir árið 2021. Hafnarstjóri kynnti gjaldskrána og fór yfir helstu liði hennar. Gjaldskráin samþykkt samhljóða.
4. Fjárhags og framkvæmdaáætlun hafnarsjóðs fyrir árið 2021. Hafnarstjóri kynnti áætlunina og fór yfir helstu liði hennar. Fjárhags og framkvæmdaáætlunin samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 21.25

Fundargerð ritaði: Björn Arnaldsson hafnarstjóri.

Jón Bjarki Jónatansson formaður.
Þóra Olsen.
Sæunn Dögg Baldursdóttir.
Hallgrímur Á. Ottósson.
Pétur Pétursson.
Björn Arnaldsson hafnarstjóri.



164. fundur Heilbrigðisnefndar Vesturlands
Fjarfundur í Teams, kl. 16.00 þriðjudaginn 15. desember 2020

Fundargerð

Á fundinum voru eftirfarandi fulltrúar heilbrigðisnefndar:

Karitas Jónsdóttir (KJ) formaður
Auður Kjartansdóttir (AK)
Brynja Þorbjörnsdóttir (BP)
Silja Eyrún Steingrimsdóttir (SES)
Jakob Björgvin Jakobsson (JBJ)
Trausti Gylfason (TG)
Ragnhildur Sigurðardóttir (RS)

Á fundinum voru einnig Þorsteinn Narfason framkvæmdastjóri, Árni Gunnarsson heilbrigðisfulltrúi og Ása Hólmarsdóttir heilbrigðisfulltrúi.

Karitas Jónsdóttir formaður stjórnaði fundi og Ása Hólmarsdóttir ritaði fundargerð.

1. Samþykktir

a. Samþykkt um Heilbrigðiseftirlit Vesturlands.

Lögð fram tillaga að endurnýjaðri samþykkt um Heilbrigðiseftirlit Vesturlands.
Heilbrigðisnefnd felur framkvæmdastjóra að vinna áfram að endurnýjun á gildandi samþykkt sem er frá árinu 2012. Í nýrri samþykkt verða m.a skýrðir verkferlar við gerð fjárhagsáætlunar og gjaldskrár og aðkomu sveitarfélagana að þeirri vinnu. Endurnýjuð samþykkt um Heilbrigðiseftirlit Vesturlands mun verða lögð fram og rædd á aðalfundi árið 2021.

b. Erindi frá Borgarbyggð varðandi hunda – og kattasamþykkt

Málið var áður á dagskrá á síðasta fundi.

-Lagt fram að nýju erindi Borgarbyggðar dagsett 11. september 2020 varðandi hunda- og kattasamþykkt. Erindinu var frestað á síðasta fundi.

Framkvæmdastjóra er falið að kanna vilja sveitarfélaga á Vesturlandi hvort grundvöllur sé fyrir setningu á sameiginlegri hunda- og kattasamþykkt fyrir Vesturland og mögulega setningu annarra samþykta sveitarfélaga sem gæti átt við að setja sameignlega fyrir starfssvæðið.

2. Erindi frá Skorradalshrepp.

Erindi Skorradalshrepps til Heilbrigðisnefndar Vesturlands dagsett 10. desember 2020 var lagt fram.

Bókun heilbrigðisnefndar Vesturlands vegna bréfs Skorradalshrepps dagsett 10. desember 2020 þar sem hreppurinn hafnar fjárhagsáætlun Heilbrigðiseftirlits Vesturlands fyrir árið 2021 og gjaldskrá.

Heilbrigðisnefnd telur mikilvægt að sátt ríki um störf sín og hefur lagt sig fram í að veita sem bestar upplýsingar um stöðu mála og hvert er stefnt. Í því sambandi var haldinn fundur með framkvæmdastjórum sveitarfélaga þann 28. október sl. þar sem staða Heilbrigðiseftirlits Vesturlands var kynnt ásamt fjárhagsáætlun fyrir árið 2021 og drögum að nýrri gjaldskrá. Á fundinum kom fram að mikilvægt væri að snúa við hallarekstri undanfarinna ára og að lögbundið eftirlit verði að fara fram með öllum fyrirtækjum á starfssvæði eftirlitsins en ekki bara hluta þeirra eins og verið hefur. Í kynningunni kom fram að ný gjaldskrá er byggð upp með öðrum hætti en eldri gjaldskrá því í þeirri nýju er lögbundin sýnataka innifalinn í árlegu eftirlitsgjaldi. Einnig er skilgreint hvaða starfsemisflokkar eru eftirlitsskyldir hjá fyrirtækjum. Það er því að mörgu leyti vandasamt verk að bera gjaldskrárnar saman en ljóst er að sú eldri stóð ekki undir kostnaði við eftirlitið og þurftu eigendur að greiða viðbótarframlög til að endar næðu saman á árinu 2019.

Skorradalshreppur bendir á að í 6. grein gjaldskrárinnar sé vísað sé í ranga lagagrein um gildistöku hennar. Í gjaldskránni er vísað í 12. gr laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingum. Ef breytingarlöggjöfin er uppfærð miðað við breytingar á lögnum er rétt að greinin er nú nr. 46. Skýrara hefði verið að vísa í 46. gr. laganna eins og Skorradalshreppur bendir á en hin framsetningin er ekki röng og tekur gjaldskrána ekki niður.

Heilbrigðisnefnd Vesturlands bera ábyrgð á setningu á gjaldskrá fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit á Vesturlandi í samræmi við 46. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, ekki er gert ráð fyrir umsögn eða samþykki sveitarfélaga hvað setningu þeirra varðar í lögnum. Í greininni kemur fram að heilbrigðisnefndir skulu fyrir 1. nóvember ár hvert gera fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár þar á eftir, innan fjárhagsramma sem sveitarfélög setja, og senda hana til viðkomandi sveitarfélaga til umfjöllunar og afgreiðslu. Fjárhagsáætlun var send sveitarfélögum með fundargögnum frá fundi sem haldinn var þann 20. október 2020. Í samstarfssamningi um Heilbrigðiseftirlit Vesturlands sem samþykktur var árið 2012 kemur fram í 7. grein að sveitarstjórn teljist samþykkt fjárhagsáætlun hafi athugasemd eigi verið gerð fyrir 1. desember. Fjárhagsáætlun sé samþykkt þegar sveitarfélög með meirihluta íbúa á Vesturlandi hafa fallist á hana.

Heilbrigðisnefnd starfaði í samræmi við verklag sem þar kemur fram.

Heilbrigðisnefnd Vesturlands vill ná sátt um fjárhagsáætlun og gjaldskrá Heilbrigðiseftirlits Vesturlands og felur framkvæmdastjóra að yfirfara fjárhagsáætlun 2021 og gera tillögu að breytingu í samræmi við umræður á fundinum. Í framhaldi af því að boða til sameignlegs fundar með heilbrigðisnefnd og fulltrúum sveitarfélaga á Vesturlandi þar sem breytt fjárhagsáætlun og gildandi gjaldskránni verði kynntar og ræddar. Fjárhagsáætlun verði í kjölfarið send sveitarstjórnnum til afgreiðslu.

3. Erindi frá Brim hf. Akranesi varðandi fráveitumál fyrirtækisins

Málefnið var áður á dagskrá á síðasta fundi.

-Lagt fram bréf Brims hf. til Heilbrigðisnefndar Vesturlands dagsett 30. nóvember 2020. Í bréfinu er óskað eftir samþykki heilbrigðisnefndar fyrir breytingu á fráveitulögn þannig að fráveita hrognavinnslu tengist inn á fráveitu loðnumjölsværsmiðju um fráveitulögn í eigu fyrirtækisins.

Akranesbær fékk erindið til skoðunar en engar athugasemdir bárust um málið.

Heilbrigðisnefnd fellst á erindið og felur heilbrigðiseftirlitinu að hafa eftirlit með viðtaka í kjölfar þessa.

4. Erindi umhverfis- og auðlindaráðuneytis

-Lagt fram erindi umhverfis- og auðlindaráðuneytisins til Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi og Kjósarhrepps vegna sameiningar heilbrigðiseftirlitssvæða. Bréfið er dagsett þann 10. desember 2020.

Lagt fram til kynningar.

5. Leyfi

Starfsleyfi

- 5.1. Pizza-Pizza ehf. Dominos Smiðjuvöllum 32 á Akranesi. Endurnýjað leyfi fyrir veitingaverslun. Gildistími er 12 ár.
- 5.2. Bílaaðstoð og flutningar ehf, Norðurtanga 3, Ólafsvík. Nýtt leyfi fyrir hjólbarðaverkstæði. Gildistími er 12 ár.
- 5.3. Vesturgarður sf, Matarlind Sólbakka 4 Borgarnesi. Nýtt leyfi fyrir matarsmiðju/matvælaeldhús. Gildistími 12. ár.
- 5.4. Snæfellsbær, Nýtt leyfi fyrir rekstri sundlaugar, íþróttavallar og íþróttahúsi í Ólafsvík. Gildistími er 12 ár.
- 5.5. Hótel Búðir ehf, Búðum Snæfellsbæ. Nýtt leyfi fyrir veitinga- og gististaðar. Gildistími er 12 ár.
- 5.6. Snorrastaðabúið slf., Snorrastöðum í Borgarbyggð. Endurnýjað leyfi fyrir gististað. Gildistími er 12 ár.
- 5.7. Bílaverkstæði Hjalta ehf., Ægisbraut 28 á Akranesi. Nýtt leyfi fyrir bifreiðaverkstæði. Drög að leyfi var auglýst á heimasíðu heilbrigðiseftirlitsins frá 1. október til 31. október 2020. Engar athugasemdir bárust á auglýsingatíma. Gildistími 12. ár.
- 5.8. Hálsaból sumarhús ehf, Háls Eyrarsveit. Endurnýjað leyfi fyrir gististað í 2 frístundahúsum. Gildistími 12. ár.
- 5.9. Kambshólsland ehf, Kambshóli Hvalfjarðarsveitar. Nýtt leyfi fyrir vatnsveitu. Gildistími 12. ár.
- 5.10. Snæfellsbær, Leikskólinn Krílakot, Ólafsvík. Nýtt leyfi fyrir starfsemi leikskóla. Gildistími 12. ár.
- 5.11. Geirakot ehf, Pastel Hárstofa, Ólafsbraut 19, Ólafsvík. Nýtt leyfi fyrir hárgreiðslustofu. Gildistími 12. ár.
- 5.12. Fiskmarkaður Snæfellsbæjar ehf, Norðurtanga 8, Ólafsvík. Nýtt leyfi fyrir framleiðslu á ís fyrir fiskvinnslur og skip. Gildistími 12. ár.
- 5.13. Bílar og Dekk ehf, Akursbraut 11a, Akranesi. Drög að leyfi var auglýst á heimasíðu heilbrigðiseftirlitsins frá 30. október til 2. desember 2020. Engar athugasemdir bárust á auglýsingatíma. Endurnýjun á leyfi fyrir bifreiða- sprautu- og hjólbarðaverkstæði. Gildistími 12. ár.
- 5.14. Verslunin Kassinn ehf. Norðurtangi 1, Ólafsvík Endurnýjun á leyfi fyrir starfsemi matvöruverslunar. Gildistími 12. ár.

- 5.15 Dalabyggð /Vatnsveita Dalabyggðar. Nýtt leyfi fyrir vatnsveitu í Svínadal. Gildistími 12. ár.
- 5.16 Íslandshótel hf., Fosshótel Reykholti. Breyting á leyfi fyrir hótélrekstur (veitingastað, gististað og heilsulind). Leyfið upphaflega gefi út 27.06.2017 gildir til 2029.
- 5.17 Drífa Skúladóttir, Hraðbúðin Hellissandi við Útnesveg. Endurnýjað leyfi fyrir litla matvöruverslun. Gildistími 12. ár.
- 5.18 N1 ehf Ólafsbraut 57 Ólafsvík. Nýtt leyfi fyrir söluskála. Gildistími 12. ár.
- 5.19 Ólína Björk Kristinsdóttir, Söluskáli ÓK, Ólafsbraut 27, Ólafsvík. Endurnýjað leyfi fyrir söluskála með veitingastað. Gildistími 12. ár.
- 5.20 Þorbjörn Oddson, geitfjársetur Háafelli. Endurnýjun leyfis. Gildistími 12. ár.

Heilbrigðisnefnd staðfestir útgáfu ofangreindra starfsleyfa.

- 5.21 Blikkverk sf, Dalbraut 2 á Akranesi óskar eftir starfsleyfi fyrir blikksmiðju. Leyfið var auglýst á heimasíðu heilbrigðiseftirlitsins þann 30. október til 2. desember s.l. Engar athugasemdir bárust.

Málinu frestað til næsta fundar.

Tóbakssöluleyfi

- 5.22 Samkaup hf. Nettó Borgarnesi er veitt tóbakssöluleyfi með gildistíma til fjögurra ára.

Staðfest

Brennuleyfi, bálkestir og flugeldasýningar

- 5.23 Heilbrigðiseftirlitið gaf út leyfi fyrir flugeldasýningu í Grundarfirði 20. október 2020 fyrir Grundarfjarðarbæ vegna töku kvikmyndar.
- 5.24 Heilbrigðiseftirlitið gaf út leyfi fyrir brennu í Stykkishólmi 31. desember 2020 og 6. janúar 2021.
- 5.25 Heilbrigðiseftirlitið gaf út leyfi fyrir brennu í Snæfellsbæ, Breiðinni, 31. desember 2020

Heilbrigðisnefnd staðfestir útgáfu ofangreindra starfsleyfa með fyrirvara um að lögregla veiti leyfi fyrir sitt leyti.

6 Umsagnir

Eftirtaldar umsagnir eru lagðar fram:

Umsagnir til sýslumanns

6.1 Rekstrarleyfi veitingastaða

- a. Geislandi ehf, Hótel Glym Hvalfjarðarsveit. Nýtt rekstrarleyfi, fyrir veitinga- og gististað, nýr rekstraraðili. Jákvæð umsögn.
- b. Hótel Búðir ehf, Búðum Snæfellsbæ. Nýtt rekstrarleyfi, fyrir veitinga – og gististað. Jákvæð umsögn.

6.2 Rekstrarleyfi gististaða

- c. Geislandi ehf, Hótel Glym Hvalfjarðarsveit. Nýtt rekstrarleyfi, fyrir veitinga- og gististað, nýr rekstraraðili. Jákvæð umsögn.
- d. Hótel Búðir ehf, Búðum Snæfellsbæ. Nýtt rekstrarleyfi, fyrir veitinga – og gististað. Jákvæð umsögn.
- e. Snorrastaðabúið slf., Snorrastöðum í Borgarbyggð. Endurnýjað rekstrarleyfi fyrir gististað. Jákvæð umsögn.

- f. Nadine E. Walker, Birkilundi 41, Saurum Helgafellssveit. Nýtt leyfi fyrir gististað. Jákvæð umsögn.
- g. Stangarhylur ehf, Sólvangi, Stangarholtslandi, Borgarbyggð. Nýtt rekstrarleyfi fyrir gististað. Jákvæð umsögn.
- h. Gunnar Tryggvason, Brimilsvöllum, Snæfellsbæ. Endurnýjað rekstrarleyfi fyrir gististað. Jákvæð umsögn.

6.3 Umsagnir um skipulagsmál

- a. Hvalfjarðarsveit. Deiliskipulagstillaga fyrir Furugerði í landi Stóra-Botns.
- b. Skipulagsstofnun. Efnistaka í landi Skorholts í Hvalfjarðarsveit. Matsáætlun.
Framlagt.

7. Önnur mál

a. Veikindi hests í beitarhaga á Akranesi

Aðkoma heilbrigðiseftirlitsins að málinu var kynnt.

b. Skýrsla Matvælastofnunar

Skýrsla Matvælastofnunar um eftirlit með neysluvatni fyrir árin 2017, 2018 og 2019 var lögð fram til kynningar.

Fundargerð 429. fundar

stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2020, fimmtudaginn 26. nóvember kl. 15:00 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Gísli Gíslason, Ólafur Þór Snorrason, Eydís Ásbjörnsdóttir, Guðmundur M Kristjánsson, Pétur Ólafsson, Rebekka Hilmarsdóttir, Björn Arnaldsson og Lúðvík Geirsson.

Að auki sat fundinn: Valur Rafn Halldórsson fundarritari.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 428. fundar - 2009155HA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 428. fundar stjórnar hafnasambandsins frá 13. nóvember 2020.

Fundargerðin staðfest og verður undirrituð á næsta viðverufundi.

2. Hafnasambandsþing 2020 - 2009026HA

Rætt um skipulag og framkvæmd hafnasambandsþings 2020.

Dagskrá hafnasambandsþingsins var samþykkt ásamt tillögu um Jón Björn Hákonarson sem forseta þingsins og Val Rafn Halldórsson sem þingritara. Einnig voru tillögur að ályktun og áskorunum fyrir hafnasambandsþingið lagðar fram til kynningar.

Í lok fundar þakkaði Gísli fyrir samstarfið á liðnum árum en þetta var hans seinasti fundur sem formaður hafnasambandsins. Aðrir fundarmenn þökkðu honum kærlega fyrir samstarfið og fyrir hans þátt í að berjast fyrir hagsmunum hafna í gegnum árin.

Fundi var slitið kl. 15:30

Gísli Gíslason

Ólafur Þór Snorrason

Eydís Ásbjörnsdóttir

Guðmundur M Kristjánsson

Pétur Ólafsson

Rebekka Hilmarsdóttir

Björn Arnaldsson

Lúðvík Geirsson

Valur Rafn Halldórsson

Fundargerð 430. fundar

stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2020, föstudaginn 11. desember kl. 11:30 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Lúðvík Geirsson, Eydís Ásbjörnsdóttir, Guðmundur M Kristjánsson, Hanna Björg Konráðsdóttir, Magnús Þór Ásmundsson, Pétur Ólafsson, Rebekka Hilmarsdóttir, Alexandra Jóhannesdóttir, Björn Arnaldsson og Ólafur Þór Snorrason.

Að auki sat fundinn: Valur Rafn Halldórsson fundarritari.

Í byrjun fundar bauð formaður Alexöndru Jóhannesdóttur og Magnús Þór Ásmundsson sérstaklega velkomin á sinn fyrsta stjórnarfund.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Úrvinnslusjóður - veiðafærasamningur við SFS - 2012002HA

Rætt var um stöðu veiðafærasamnings Úrvinnslusjóðs við Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi. Undir þessum lið komu inn á fundinn Bryndís Gunnlaugsdóttir og Eygerður Margrétardóttir sem eru fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga í Úrvinnslusjóði. Í máli þeirra kom fram að meðferð veiðafæraúrgangs sé í miklum lamasessi og mikilvægt að endurskoða meðferð þessa úrgangs.

Stjórn þakkar fyrir kynninguna og styður að fulltrúar sambandsins haldi áfram að tryggja rétta meðhöndlun veiðafæraúrgangs og í samræmi við umræður á fundinum. Stjórn óskar einnig eftir að fulltrúar úr Úrvinnslusjóði taki saman minnisblað um málið til að kynna fyrir aðildarhöfnum Hafnasambands Íslands og leyfi stjórn hafnasambandsins að fylgjast með þróun mála hjá Úrvinnslusjóði.

3. Kosning varaformanns og gjaldkera - 2012001HA

Kosning varaformanns og gjaldkera kjörtímabilið 2020-2022

Að tillögu formanns var Hanna Björg Konráðsdóttir kjörin varaformaður og Magnús Þór Ásmundsson gjaldkeri.

4. Starfsnefndir og aðrar nefndir 2020-2022 - 2009016HA

Formaður lagði fram eftirfarandi tillögur að skipan starfsnefnda, sem samþykktar voru samhljóða.

Í umhverfis-og öryggisnefnd voru kjörin:

Ólafur Snorrason, Vestmannaeyjahöfn, formaður,

Bergsteinn Ísleifsson, Faxaflóahafnir og

Þórir Örn Gunnarsson, Hafnir Norðurþings.

Nefndin fylgist með og fjallar um málefni hafna á sviði umhverfis og öryggismála. Í því felst m.a. að hafa á hendi almenn samskipti við viðeigandi stofnanir varðandi mengunarvarnir, öryggisreglur og reglur sem varða hafnir varðandi umhverfismála o.fl. Nefndin fjallar að öðru leyti um öryggis-og umhverfismál hafna eftir því sem tilefni er til hverju sinni.

Í starfshóp um hafnafund 2021 í Hafnarfirði voru kjörin:

Eydís Ásbjörnsdóttir, Fjarðabyggðarhafnir, formaður

Lúðvík Geirsson, Hafnarfjarðarhöfn og

Eydís Ásbjörnsdóttir, Fjarðabyggðarhafnir.
Nefndin annast undirbúning og framkvæmd hafnafundar vorið 2021 sem haldinn verður í Hafnarfirði.

Í samstarfshóp við Fiskistofu voru kjörin:
Björn Arnaldsson, Hafnir Snæfellsbæjar og
Sigurður Arnar Kristmundsson, Grindavíkurhöfn.

5. Starfsáætlun stjórnar hafnasambandsins - 2012001HA

Lögð fram til kynningar drög að starfsáætlun stjórnar hafnasambandsins fyrir árið 2021.

6. Hafnasambandsþing 2020 - 2009026HA

Lögð fram fundargerð hafnasambandsþings sem haldið var 27. nóvember 2020.

Samþykkt að senda fundargerðina út á aðildarsveitarfélög.

7. Ályktun um vigtarmál - 2009026HA

Lögð fram ályktun 42. hafnasambandsþings um vigtarmál.

Samþykkt að senda ályktunina á sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

8. Áskorun til stjórnvalda um orkuskipti í höfnum - 2009026HA

Lögð fram áskorun 42. hafnasambandsþings um orkuskipti í höfnum.

Á þingi Hafnasamband Íslands þann 27. nóvember 2020 var samþykkt einróma ályktun varðandi orkuskipti í höfnum sem send verður á atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið og umhverfisráðuneytið. Þar lýsir hafnasambandið yfir vilja til að nýta endurnýjanlega orku í enn frekara mæli til að landtengja skip. Undirbúningsvinna og framkvæmdir í þá veru eru þegar komnar vel á veg hjá nokkrum höfnum vítt og breytt um landið.

Í ályktun Hafnasambandsþings er minnt á að árangur varðandi rafvæðingu og orkuskipti í höfnum mun ráðast af því að tryggt sé gott samstarf milli hafna, stjórnvalda, veitufyrirtækja og annarra aðila sem þurfa að koma að þessu viðamikla verkefni.

Til að fylgja þessu verkefni eftir og tryggja nauðsynlegt samráð og samvinnu fer hafnasambandið þess á leit við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið að það setji hið allra fyrsta á stofn starfshóp með fulltrúum áður nefndra aðila og annarra sem kunna að hafa þekkingu á málinu til að samræma útfærslur og framkvæmd verkefnisins, aðkomu að kostnaði og fjármögnun.

9. Áskorun um breytingu á hafnalögum - 2009026HA

Lögð fram áskorun 42. hafnasambandsþings um breytingu á hafnalögum. Undir þessum lið gerði formaður einnig grein fyrir fundi sem hann átti með samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu um breytingar á hafnalögum. Á þeim fundi var lögð áhersla á meira samráð, sérstaklega hvað varðar gjöld á fiskeldi.

Samþykkt að senda ályktunina á samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið.

Fundi var slitið kl. 12:50

Eydís Ásbjörnsdóttir

Guðmundur M Kristjánsson

Hanna Björg Konráðsdóttir

Magnús Þór Ásmundsson

Pétur Ólafsson

Rebekka Hilmarsdóttir

Alexandra Jóhannesdóttir

Björn Arnaldsson

Ólafur Þór Snorrason

Valur Rafn Halldórsson



Hafnasambandsþing 2020

27. nóvember 2020 í netheimum

42. þing Hafnasambands Íslands

Haldið rafrænt 27. nóvember 2020



Þinggerð

Pann 27. nóvember 2020 var 42. þing Hafnasambands Íslands haldið rafrænt þar sem ekki var unnt að halda hefðbundið þing sökum Covid-19.

1. Þingsetning.

Gísli Gíslason, formaður stjórnar Hafnasambands Íslands setti þingið og bauð fulltrúa og gesti velkomna á þingið við þær óvenjulegu aðstæður sem samfélagið hefur tekist á við á síðustu misserum.

Í ávarpi Gísla kom fram að það hafi verið mjög krefjandi að gæta hagsmuna hafna í gegnum árin en að þetta ár hafi verið sérstaklega krefjandi. Spilar Covid veiran stóran þátt í því og hefur hún haft mikil áhrif á hafnir landsins. Það ástand sem varað hefur meira og minna allt þetta ár hefur reynt verulega á hafnirnar eins og samfélagið allt.

Í lok janúar hófu hafnir undirbúning að sóttvarnaraðgerðum en notast var við viðbragðsáætlun um sóttvarnir hafna og skipa sem var unnin 2017. Viðbragð hafnanna var faglegt og öruggt á grundvelli áætlunarinnar og eftirtektarvert að á grundvelli markvissra aðgerða hefur engin röskun orðið á hafnarstarfseminni eða siglingum kaupskipa með vörur til og frá landinu. Þessi árangur hefur ekki sérstaklega verið í kastljósi fjölmiðla eða stjórnvalda, en ljóst að ef samgönguöryggi siglinga og flutninga með vörur hefði verið í hættu þá er viðbúið að það hefði haft veruleg áhrif á samfélagið.

Tekjufall vegna stöðvunar á siglingum farþegaskipa var mikið. Á síðustu 20 árum hafa hafnirnar náð vaxandi markaði í siglingum farþegaskipa til Íslands, sem hefur sífellt orðið stærra hlutfall tekna vaxandi fjölda hafna, en á augnabliki hrundi þessi markaður með tilheyrandi áhrifum. Þetta bakslag er þó ekki varanlegt því hafnirnar búa nú að góðri reynslu og þekkingu, sem án vafa mun skila sambærilegum árangri og áður náðist, þegar farþegasiglingar hefjast á ný.

Þegar horft er yfir helstu verkefni hafnanna á liðnum árum þá má nefna eftirfarandi:

1. Umhverfismál hafna hafa verið í sífelldri þróun enda fá málavæði með jafn mikla aðkomu að fjölbreyttum umhverfisþáttum og hafnir.
2. Öryggismál hafna hafa sífellt verið til umfjöllunar á vettvangi hafnanna. Þar hefur orðið mikil breyting á síðustu árum ekki síst með tilkomu laga um siglingavernd, en einnig hafa hafnirnar bætt öryggi sitt og skipa með kaupum á sífellt öflugri lóðs- og dráttarbátum.
3. Fjárhagur hafna er grunnþáttur í starfsemi hafnanna sem á sinn fasta sess. Þar höfum við séð ýmsar sveiflur í gegnum árin, en síðustu ár hefur hagurinn heldur vænkast þó svo að heildar tekjur hafna séu í raun ótrúlega litlar miðað við mikilvægi málaflokksins.
4. Framlög ríkis til framkvæmda hafa á síðustu árum verið örlítið vaxandi en eru að jafnaði nú liðlega einn milljarður. Framkvæmda- og viðhaldsþörf hafnanna eru þó mun meiri og áfram verður glímt við ríkisvaldið um framlög til hafna.

Framangreind verkefni má flokka sem fjóra megin hornsteina í starfsemi og umfjöllun hafnanna síðustu ár. Það sem ef til vill hefur skort er aukin umræða um hagnýtingu á mun meiri möguleikum hafnanna í þágu atvinnusköpunar. Þar eru vannýtt tækifæri m.a. á sviði umhverfismála og framleiðslu sem hefur í för með sér lágmarks umhverfisáhrif.

Þegar kreppir að er brýnt að leiða hugann að nýjum tækifærum og þau orð laukrétt, að þegar birtir til þá má fyrst sjá það á vettvangi hafnanna.

Til þess að ná árangri þurfum við hins vegar að skipuleggja hafnarstarfsemina á Íslandi sem eina heild með það að markmiði að á hverju landshorni verði bestu kostir nýttir markvisst og uppbygging hafnanna miðuð við arðbær og atvinnuskapandi verkefni. Það hefur verið, er og verður mikilvægt verkefni að styrkja stöðu hafnanna innan samgöngukerfis landsins, auka skilning á mikilvægi þeirra og skapa þeim þau

starfsskilyrði að þar megi áfram þróast fjölbreytt athafna og atvinnulíf. Sú fullyrðing að þróun efnahags hefjist í höfnunum styðst við þá staðreynd að þegar kreppir að verður þess fyrst vart í flutningum um hafnirnar, en með sama hætti má þar fyrst sjá merki um hagvöxt þegar birtir til.

Tvennt er það sem helst er til umfjöllunar á vettvangi hafnamála. Annars vegar fyrirhuguð breyting á hafnalögum og hins vegar hugmyndir um breytingu á reglugerð um vigtun sjávarafla. Um þessi málefni skal eftirfarandi sagt:

- 1) Við samþykkt hafnalaganna árið 2003 voru talsverðar breytingar gerðar á starfsumhverfi hafnanna. Almenn reynsla af lögunum er góð, en vissulega má finna ákvæði sem reynslan sýnir að megi laga. Í fyrirhuguðu frumvarpi er m.a. kveðið á um:
 - a) Nýtt ákvæði í 17. grein hafnalaga um eldisgjald af eldisfiski, sem er hagsmunamál hafna á Vestfjörðum og Austurlandi.
 - b) Ákvæði um samráð við notendur hafna og heimild til að kæra gjaldskrárákvarðanir hjá höfnum sem falla undir skilgreiningu að vera innan samevrópska flutninganetsins.
 - c) Ákvæði um rafræna vöktun.

Hafnasambandið hefur skilað umsögn sinni um frumvarpsdrögin en í henni er óskað eftir ýmsum lagfæringum og skoðunum á einstökum ákvæðum.

- 2) Hitt atriðið sem skal nefna er fyrirhuguð breyting á reglugerð um vigtun sjávarafla. Hið einfalda verkefni að vigta fisk er nú að verða umfangsmikið eftirlitstæki í höndum stjórnarsýslunnar á kostnað hafnanna. Hafnasambandið hefur sent frá sér óvenju harða umsögn þar sem fyrirhugaðri reglugerð er mótmælt m.a. á þeim forsendum að farið sé framhjá samstarfsyfirlýsingu Hafnasambandsins og Fiskistofu um samráð og úrlausn umsaminna verkefna, gert sé ráð fyrir verulega auknum verkefnum hafnanna við eftirlit og framkvæmd vigtunar sem kallar á aukinn fjölda starfsmanna og loks gerð krafa um talsverða fjárfestingu í myndavélakerfum sem kalla á verulegan stofnkostnað og aukinn rekstur. Þessi framgangna stjórnvalda er ekki ásættanleg og vonandi að málið verði tekið upp með formlegum hætti áður en skrifað verður undir verulega íþyngjandi reglugerð, sem ætlað er að leysa vandamál ríkisins á kostnað hafnanna.

Að lokum kom fram hjá Gísla að hann hafi verið hafnarstjóri frá árinu 1987. Fyrst á Akranesi sem bæjar- og hafnarstjóri, en frá árinu 2005 sem hafnarstjóri Faxaflóahafna. Þessum starfstíli fylgdi eftirsóknarverð þátttaka í starfi hafnasambandsins – fyrst Hafnasambands sveitarfélaga og síðar Hafnasambands Íslands. Þar var undirritaður varamaður í stjórn frá 1987-1994, en í stjórn frá 1994 – 2004 og síðan formaður stjórnar frá þeim tíma til þessa fundar. Þessi tími hefur verið einstaklega skemmtilegur – einkum vegna samskipta við allt það góða fólk sem unnið hefur að málefnum hafnanna. Sérhver samverustund hefur verið einstaklega gefandi og flestar – ef ekki allar – varðaðar skemmtilegum viðburðum og sögum. Nú skilja leiðir – því miður á fundi þar sem ekki er tækifæri til fallegrar samveru með tilheyrandi og hefðbundinni gleðistund. Það er því tímabært og fullt tilefni til að þakka fyrir liðnar stundir um leið og hafnafólk er hvatt til dáða og óskað velfarnaðar á komandi árum.

2. Kosning þingforseta, ritara og nefnda

Þingforseti var kosinn Jón Björn Hákonarson

Þingritari var kosinn Valur Rafn Halldórsson.

Jón Björn Hákonarson tók síðan við stjórn þingsins.

3. Fjárhagsáætlanir og tillögur um árgjöldum

Kosning stjórnar, varastjórnar og skoðunarmanna til tveggja ára.

Fyrir tillögu kjörnefndar mælti, Kjartan Már Kjartansson frá Reykjaneshöfnum, sem var stýrimaður kjörnefndar. Með honum störfuðu Kristín Soffía Jónsdóttir frá Faxaflóahöfnum og Hlynur Jónsson frá Hafnasamlagi Norðurlands.

Í stjórn var tillaga um eftirfarandi aðila.

Aðalmenn:

- *Lúðvík Geirsson, Hafnarfjarðarhöfn*
- *Magnús Þór Ásmundsson, Faxaflóahafnir*
- *Guðmundur Kristjánsson, Hafnir Ísafjarðarbæjar*
- *Eydís Ásbjörnsdóttir, Fjarðabyggðarhafnir*
- *Pétur Ólafsson, Hafnasamlag Norðurlands*
- *Rebekka Hilmarsdóttir, Hafnir Vesturbyggðar*
- *Hanna Björg Konráðsdóttir, Reykjaneshöfn*

Varamenn:

- *Björn Arnaldsson, Hafnir Snæfellsbæjar*
- *Ólafur Snorrason, Vestmannaeyjahöfn*
- *Alexandra Jóhannesdóttir, Skagastrandarhöfn*

Gerð var tillaga um að Lúðvík Geirsson tæki við sem formaður Hafnasambands Íslands.

Skoðunarmenn:

Aðalmenn:

Lilja Magnúsdóttir, Tálknafjarðarhöfn

Vignir Júlíusson, Hornafjarðarhöfn

Varamenn:

Kolbrún Jóna Pétursdóttir, Reykjaneshöfn

Helgi Laxdal, Faxaflóahafnir

4. Fjárhagsáætlanir og tillögur um árgjöldum

Ólafur Snorrason gerði grein fyrir fjárhagsáætlun hafnasambandsins 2021-2022 og kynnti tillögu stjórnar hafnasambandsins um árgjöld 2021-2022.

Í tillögu fjárhagsáætlun ársins 2021 er gert ráð fyrir að lækka árgjöldin úr 0,22% af tekjum hafnasjóða í 0,11% og árinu 2022 er gert ráð fyrir að árgjöldin verði 0,16% af tekjum hafna. Er þetta gert til að mæta tekjufalli hafna en einnig hefur gott eigið fé myndast hjá hafnasambandinu á seinustu árum sem stjórn leggur til að verði nýtt.

Að öðru leiti var ekki gert ráð fyrir breytingum í rekstri hafnasambandsins á árunum 2021-2022.

Að þessu loknu gaf þingforseti orðið laust og vísaði fjárhagsáætlun, tillögu um árgjald, kjöri stjórnar, kjöri formanns og kjöri skoðunarmanna í kosningu í rafrænu kosningakerfi.

5. Ávarp samgöngu- og sveitastjórnarráðherra

Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, flutti ávarp þar sem hann lagði áherslu á þjóðhagslegt mikilvægi hafna.

Í máli ráðherra kom fram að hafnir hafi verið eitt af hans áherslu málum á kjörtímabilinu og að það megi sjá þess merki í samgönguáætlun. Búið er að stórauka fjárveitingar til hafna og mikilvægra sjóvarna og eru ýmis stór verkefni á teikniborðinu.

Fram kom að frumvarp um breytingu á hafnalögum sé á lokametrum í ráðuneytinu og að breytingar sem lagðar eru fram séu þrennskonar

1. Í fyrsta lagi er verið að skapa lagagrundvöll til að innleiða reglugerð evrópusambandsins um veitingi þjónustu í höfnum og gegnsæi í fjármálum hafna. Reglugerðin tekur gildi hjá höfnum sem eru innan samevrópska flutninganetsins.
2. Í öðru lagi er í frumvarpinu ákvæði um umhverfistengingu í gjaldskráum hafna.
3. Í þriðja lagi er verið að taka á þeim ágreiningi sem hefur verið í gjalddöku af fiskeldi.

Að lokum óskaði hann þingfulltrúum velfarnaðar í sínum störfum við að gera hafnastarfsemi öruggari og skilvirkari höfnum landsins til góða.

6. Úttekt og greining á fjárhagsstöðu íslenskra hafna 2019

Sigurður Ármann Snævarr, sviðsstjóri hag og upplýsingasviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga kynnti úttekt og greiningu á fjárhagsstöðu íslenskra hafna 2019.

Fram kom að 34 hafnarsjóðir eigi aðild að Hafnasambandi Íslands og að alls séu 70 hafnir innan vébanda hafnarsjóðanna. Upplýsinga um stöðu sjóðanna var, líkt og í fyrra afluð beint frá hafnarsjóðunum en ekki ársreikningum.

Afkoma sjóðanna batnaði umtalsvert milli ára 2017 og 2018 en rekstrarniðurstaða fór úr 14,9% af tekjum 2017 í 25,2% 2018. Rekstrarniðurstaðan 2019 helst áfram góð. Rekstrarafgangur hækkar um rösk 3% og 25% af tekjum.

Skuldir hafnarsjóða hafa lækkað ár frá ári en árið 2009 var skuldahlutfall hafnasjóða 270% en er komið niður í 103%.

Tekjur af aflagjöldum hafa hækkað verulega eða um tæp 20% frá árinu 2017-2019.

Staða hafnasjóða var almennt góð og hefur farið batnandi á seinustu árum. Umsvif og staða sjóðanna er þó afar mismunandi og þarf að hafa það í huga þegar reynt er að gera fjármálum hafnarsjóða skil. Nokkrar hafnir glíma við mikinn vanda og víða er þörf á viðhaldi og nýframkvæmdum

Að þessu loknu gaf þingforseti Gísli Gíslasyni orðið og fór hann yfir þær áskoranir og ályktanir sem stjórn hafnasambandsins lagði fyrir þingið.

7. Áhrif Covid-19 á hafnir

Sesselía Dan Róbertsdóttir, hagfræðinemi og sumarstarfsmaður hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, fór yfir áhrif Covid-19 á fjárhagsstöðu hafna og bar þau áhrif saman við efnahagshrunið 2008.

Helstu niðurstöður voru að Covid-19 hafi haft veigamikil áhrif á tekjur hafnarsjóða og þá helst tekjur af skemmtiferðaskipum. Áætlað tekjutap hafna árið 2020 vegna Covid-19 skv. hennar könnun eru rúmir 2,6 ma.kr. og vegur tekjufall vegna skemmtiferðaskipa um 60% af þeirri fjárhæð.

Rekstrargrundvöllur hafna er í heildina litið betri árið 2019 en árið 2007. Skuldastaða er töluvert lægri, tekjur hærri og rekstrarniðurstaðan betri. Efnahagshrunið hafði veigamikil áhrif á skuldir en áhrif Covid-19 hafa hingað til aðallega að komið fram í lægri tekjum.

Í máli hennar kom fram að enn ríki þó óvissa með framhaldið þó svo að bjartari tímar séu framundan með tilkomu nýrra rannsókna á bóluferni. Ljóst er þó að fjárhagur hafna árið 2020 mun litast verulega af áhrifum Covid-19 líkt og fleiri atvinnugreina.

8. Ályktanir umræður og afgreiðsla

Þingforseti gerði grein fyrir niðurstöðum kosninga.

- *Tillaga að fjárhagsáætlun 2021-2022 var samþykkt með 98,68% atkvæða.*
- *Tillaga að árgjöldum 2021-2022 var samþykkt með 100% atkvæða.*
- *Tillaga að stjórn hafnasambandsins 2020-2022 var samþykkt með 98,67% atkvæða.*
- *Tillaga að formanni hafnasambandsins 2020-2022 var samþykkt með 97,3% atkvæða.*
- *Tillaga að varastjórn hafnasambandsins 2020-2022 var samþykkt með 98,67% atkvæða.*
- *Tillaga að skoðunarmönnum 2020-2022 var samþykkt með 100% atkvæða.*

Alls sátu 97 einstaklingar þingið og af þeim voru 87 með atkvæðisrétt.

Að því loknu gerði þingforseti stuttlega grein fyrir og vísaði eftirfarandi áskorunum og ályktun til kosningar í rafrænu kosningarkerfi.

Áskorun til samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um breytingu á hafnalögum.

Hafnasambandsþing, haldið 27. nóvember 2020, samþykkir að beina þeirri áskorun til samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra að við fyrirbyggjandi frumvarp til breytinga á hafnalögum og tengdum lögum verði tekið fullt tillit til þeirra sjónarmiða sem Hafnasamband Íslands hefur komið á framfæri við ráðuneytið. Í ábendingum hafnasambandsins er m.a. bent á eftirfarandi atriði:

- a) Skilgreiningu á valdheimildum hafna á hafnarsvæðum á sjó.
- b) Ákvæði um skyldu til notkunar á hreinni orku í höfnum og umhverfisafslætti í tengslum við ákvæði laga og reglna um eldsneyti skipa og orkuskipti á sjó.
- c) Ákvæði um hafnsögupjónustu, m.a. hver hafi heimild til að veita þjónustuna og skilyrði fyrir að bjóða þá þjónustu m.a. m.t.t. til trygginga, þjálfunar og réttinda.
- d) Ákvæði um mönnun og lögskráningu áhafna á dráttar- og lóðsbáta, sem taka ekki í dag mið af eðli starfseminnar.
- e) Ákvæði um skilgreiningu á því hvaða skilyrði skuli að vera fyrir hendi til þess að hafnir falli undir og verði hluti af samevrópska flutninganetinu, hvað slíkt hefur í för með sér og hvernig tilkynnt sé um slíka stöðu.
- f) Nauðsyn þess að skilgreina betur ákvæði hafnalaga um álagningu farþegagjalds.

- g) Ákvæði laga um mat á umhverfisáhrifum og viðaukum þeirra laga í því skyni að einfalda regluverk varðandi nauðsynlega innviði hafna svo sem dýpkanir, sem tryggja örugga siglingu skipa og viðlegu þeirra.
- h) Nauðsyn þess að styrkja ákvæði hafnalaga varðandi lögveð til tryggingar hafnargjöldum. Skipagjöld og lóðarleiga á skipulögðu hafnarsvæði njóta nú lögveðsréttar, en útfæra þarf nánar lögveðsrétt skipagjalda þar sem ýmis fleiri gjöld fylgja þjónustu hafna við skip og báta.

Hafnasambandsþing ítrekar fyrri ályktanir um mikilvægi hafna í samgöngukerfi landsins og telur einsýnt að það mikilvægi endurspeglit í þeirri löggjöf sem gildir varðandi hafnir.

Áskorunin var samþykkt með 98,41% atkvæða

Áskorun til stjórnvalda um orkuskipti í höfnum

Hafnasambandsþing, haldið 27. nóvember 2020, minnir á að á liðnum áratugum hafa hafnir unnið að landtengingu skipa. Nú blasa við nýjar áskoranir um öflugri landtengingar vegna stærri skipa, sem eru kostnaðarsamar. Hafnasambandið lýsir áfram yfir vilja til þess að nýta endurnýjanlega orku í enn frekara mæli til að landtengja skip, en minnir á að árangur í þeim efnum byggji á samstarfi hafna, stjórnvalda, veitufyrirtækja og fleiri aðila. Því skorar hafnasambandsþing á stjórnvöld að tryggja samstarf og þátttöku allar þeirra aðila sem að þessu máli koma þannig að á næstu árum verið stigin stór skref í því skyni að mæta skuldbindingum Íslands í loftslagsmálum.

Áskorunin var samþykkt með 96,77% atkvæða.

Ályktun um vigtarmál

Hafnasambandsþing, haldið 27. nóvember 2020, samþykkir eftirfarandi ályktun varðandi fyrirhugaða breytingu á reglugerð um vigtun sjávarafla: Hafnasamband Íslands hefur sent umsögn sína um fyrirhugaðar breytingar á reglugerð um vigtun sjávarafla. Um áratugaskeið hafa hafnir landsins annast vigtun sjávarafla, en við lögfestingu fiskveiðistjórnunarkerfisins hefur ríkisvaldið nýtt sér endurgjaldslaust aðstöðu og mannafla hafnanna til eftirlits með lönduðum afla. Á árinu 2018 gerðu Hafnasambandið og Fiskistofa með sér samstarfsyfirlýsingu um hvernig mætti best standa að vigtun sjávarafla. Með fyrirhuguðum breytingum á reglugerðinni er gengið verulega á hlut hafnanna með stórauðnum kostnaði og ábyrgð og í raun gegn þeirri samstarfsyfirlýsingu sem undirrituð var milli aðila.

Hafnasambands Íslands mótmælir harðlega þeim tillögum sem fyrir liggja um breytingu á reglugerð um vigtun sjávarafla og hvetur sjávarútvegsráðherra að endurskoða rækilega fyrirbyggjandi drög í samvinnu við Hafnasamband Íslands.

Ályktunin var samþykkt með 93,44% atkvæða.

13. Þingslit

Lúðvík Geirsson, ný kjörinn formaður Hafnasambands Íslands, tók til máls og fyrir hönd allra viðstaddra þakkaði hann Gísla Gíslasyni fyrir hans störf í þágu hafnanna og hafnasambandsins á umliðnum árum og áratugum. Í máli Lúðvíks kom fram að Gísli væri búinn að vera fremstur í stafni sem málsvari hafna gagnvart stjórnvöldum og öðrum samstarfsaðilum og að hann hafi treyst hlutverk og stöðu hafnasambandsins og lagt sig fram um að skapa breiða samstöðu meðal hafna.

Lúðvík hvatti aðildarhafnir til að koma sínum sjónarmiðum, fyrirspurnum og hugmyndum á framfæri við stjórn hafnasambandsins til að tryggja áframahaldandi góða og breiða samstöðu og samvinnu um hagsmunamál hafna. Upplýsti hann um að hafnafundur yrði haldinn næsta vor hjá Hafnarfjarðarhöfn og hafnasambandsþing 2022 í Höfnum Snæfellsbæjar.

Að lokum þakkaði hann þingforseta og starfsfólki fyrir sitt framlag og sleit 42. Hafnasambandsþingi Hafnasambands Íslands kl. 10:50.

Þingritari

Valur Rafn Halldórsson

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar

Forseti Bæjarstjórnar Björn Hilmarsson

Vegna: Ósk um aukafjárveitingu vegna reksturs leikskóla Snæfellsbæjar 2020

Launakostnaður við leikskólann hefur hækkað mikið vegna nýrra kjarasamninga hjá Starfsmannafélagi Dala- og Snæ, Félagi leikskólakennara og Félagi stjórnenda leikskóla. Allir samningar voru afturvíkir. Einnig hefur kostnaður vegna langtímaveikinda starfsmanna, sem samtals voru um 3 stöðugildi á árinu 2020 gert það að verkum að launaliður leikskólans fór yfir áætlun.

Í byrjun Covid-19 faraldursins var mikið sótthreinsað og þrifið. Deildarnar voru settar í einangrun, börn og starfsfólk máttu ekki sameinast. Í dag eru aðstæðurnar rólegri en sótthreinsunin og öll aukabrifin halda áfram. Vegna reglna frá Heilbrigðisráðaneytinu hefur starfsfólk leikskólans þurft að vera með grímur og hanska í sínum daglegum störfum vegna „tveggja metra regluna,,

Rekstrarkostnaður vegna hreinlætiskaupa hefur því hækkað verulega. Sótthreinsivökvar, einnota hanskar og grímuskylda vegna Covid-19 gerir það að verkum að liðurinn vegna hreinlætiskaupa hefur líka farið yfir áætlun.

Samtals er því hér með óskað eftir aukafjárveitingu vegna þessa, samtals upp á 13.700.000 kr.

Virðingarfyllt

Ingigerður Stefánsdóttir

Leikskólastjóri leikskóla Snæfellsbæjar.



SNÆFELLSBÆR

Þar sem jökullinn ber við loft...

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar
Klettsbúð 4
360 Hellissandi

Snæfellsbæ, 5. janúar 2021

Efni: Landsskipulagsstefna 2015-2016, ósk um umsögn

Skipulagsstofnun óskaði eftir umsögn um tillögu að viðauka við Landsskipulagsstefnu 2015-2026 sem auglýst var til kynningar ásamt umhverfismati í samræmi við lög nr. 123/2010 og 105/2006 og reglugerð nr. 1001/2011. Í tillögunni er sett fram stefna um loftslagsmál, landslag og lýðheilsu í tengslum við framkvæmd skipulagsmála og tekur hún eftir atvikum til allra viðfangsefna gildandi landsskipulagsstefnu. Auk þess felur tillagan í sér breytingar á gildandi landsskipulagsstefnu varðandi skipulag haf- og strandsvæða m.t.t. laga nr. 88/2018 um skipulag haf- og strandsvæða.

Tillöguna má finna á www.landsskipulag.is en bein slóð á skjalið með fyrirhuguðum breytingum er að finna á:


<https://www.landsskipulag.is/media/landsskipulagsstefna-vidbaetur/Tillaga-ad-vidauka-vid-landsskipulagsstefnu-2015-2026.pdf>

Á fundi umhverfis- og skipulagsnefndar 16. desember sl. var skipulagsfulltrúa og skipulagsráðgjafa falið að fara yfir tillögu að Landsskipulagsstefnu og gera tillögu að umsögn og/eða athugasemdum ef þurfa þykir. Frestur til að koma athugasemdum á framfæri er til og með 8. janúar 2021.

Skipulagsfulltrúi og skipulagsráðgjafi leggja til að ekki verði gerðar neinar athugasemdir við tillögu að viðauka við Landsskipulagsstefnu 2015-2026. Aðeins verði óskað eftir að fá upplýsingar um hvort mótuð hefur verið stefna um hvenær fyrirhugað sé að vinna strandsvæðaskipulag fyrir Breiðafjörð og Faxaflóa.

Meðfylgjandi er umsögn Snæfellsbæjar til Skipulagsstofnunnar.

Virðingarfyllgast


Davíð Viðarsson
Skipulags- og byggingarfulltrúi



Fylgigögn: Umsögn Snæfellsbæjar





SNÆFELLSBÆR

Þar sem jökullinn ber við loft...

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7 b
105 Reykjavík.

Snæfellsbæ, 5. janúar 2021

Efni: Umsögn vegna viðauka við Landsskipulagsstefnu 2015-2026 og umhverfismat

Bæjaryfirvöld Snæfellsbæjar hafa árum saman leitast við að auka sjálfbærni og stuðla að vistvænum lausnum í bæjarfélaginu. Einnig skiptir verndun landslagsheilda sköpum fyrir afkomu Snæfellsbæjar, þar sem falllegt umhverfi hefur mjög mikið aðdráttarafl. Stefnumótun í Landsskipulagsstefnu sem stuðlar að loftslagsmiðuðu skipulagi og sjálfbærum samgöngum, áherslu á að vernda staðaranda, landslagsheildir og landgæði og nota skipulag til að ýta undir bætta lýðheilsu er því tekið fagnandi. Stefnumótunin er sett fram á skýran og einfaldan hátt og gera bæjaryfirvöld ekki athugasemdir við hana.

Bæjaryfirvöld hafa áhuga á að fá upplýsingar um hvort mótuð hefur verið stefna um hvenær fyrirhugað sé að vinna að strandsvæðisskipulagi fyrir Breiðafjörð og Faxaflóa. Þessi svæði skipta miklu máli varðandi hreinleika mynd Snæfellsbæjar.

Virðingarfyllgst,

Davíð Viðarsson
Skipulags- og byggingarfulltrúi



Kristinn Jónasson

From: fgh56@vortex.is
Sent: föstudagur, 18. desember 2020 10:42
To: breidafjordur@nsv.is
Cc: Kristinn Jónasson; 'Björg Ágústsdóttir'; 'Jakob Björgvin Jakobsson'; iddi@simnet.is; sh717@simnet.is
Subject: RE: vegna skýrslu Breiðafjarðarnefndar.
Attachments: Breiðarfjarðarnefnd.pdf; dragnotoghandfaerilogdadjofnu.pdf

Góðan dag aftur.

Þar sem skýrsla, "180917 Skýrsla starfshóps um endurskoðun á veiðarfærum, veiði- og verndunarsvæðum" er 15 mb, er ég ekki viss um að fyrri pósturinn hafi borist til ykkar. Bið ykkur sem fáið þenna póst um að staðfest móttöku hans og hvort þeir hafi fengið fyrri póstin sem innihélt skýrsluna. Ég mun reyna að koma skýrslunni með öðrum hætti hafi hún ekki borist.

Kveðja

Fyrir hönd Samtaka dragnótamanna

Friðrik G. Halldórsson

From: fgh56@vortex.is <fgh56@vortex.is>
Sent: 18 December 2020 10:24
To: 'breidafjordur@nsv.is' <breidafjordur@nsv.is>
Cc: 'kristinn@snb.is' <kristinn@snb.is>; 'Björg Ágústsdóttir (bjorg@grundarfjordur.is)' <bjorg@grundarfjordur.is>; 'Jakob Björgvin Jakobsson (jakob@stykkisholmur.is)' <jakob@stykkisholmur.is>; 'iddi@simnet.is' <iddi@simnet.is>; '!' <sh717@simnet.is>
Subject: vegna skýrslu Breiðafjarðarnefndar.

Góðan dag.

Meðfylgjandi er umsögn Samtaka dragnótamanna sem inniheldur fyrirspurn til nefndarinnar. Ásamt fylgiskölum sem vísað er til í umsögninni.

Mið vinsemd og virðingu.

Fyrir hönd Samtaka dragnótamanna

Friðrik G. Halldórsson

Reykjavík 17.12. 2020

**Breiðafjarðarnefnd 2020. Framtíð Breiðafjarðar.
Samantekt og niðurstöður upplýsingaöflunar og samráðs.
Ritstj. Theódóra Matthíasdóttir.**

Samtök dragnótamanna fyrir hönd útgerða dragnótabáta sem stunda veiðar á Breiðafirði óska eftir því við Breiðafjarðarnefnd eða höfunda skýrslu um framtíð Breiðafjarðar að senda okkur þau gögn sem liggja til grundvallar þess að þeir komast að þeirri niðurstöðu að ekki eigi að veiða með dragnót á ákveðnum svæðum. Einnig hvaða tegundir þeir telji að séu ofveiddar af dragnót í Breiðafirði. Tilvitnun í skýrslu. „*Hvatt er til þess að hafið, ströndin, landið, fuglar og fiskar verði verndað allt í heild. Stækka eigi svæðið eins og nefndin hefur talað um. Áhyggjur af ofveiði á ströndinni meðfram firðinum með dragnót sem ætti ekki að leyfa.*“

Í gegnum rúmlega 100 ára sögu dragnótaveiða hefur það verið allt of algengt að það hafi verið lokað á veiðar vegna þrýstings ákveðinna hópa án fyrirbyggjandi gagna eða að stuðst væri við haldbær rök.

Árið 2015 skipaði sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra starfshóp til að gera faglega heildarendurskoðun á regluverki varðandi notkun veiðarfæra, veiðisvæða og verndunarsvæða á Íslandsmiðum. Í skipunarbréfinu kom fram að ákveðið hafi verið að skipa sérstakan vinnuhóp með aðild Hafrannsóknastofnunar, Fiskistofu og Atvinnuvega- ráðuneytissins. Afrit af þeirri skýrslu fylgir sem viðhengi ásamt grein sem helsti veiðarfærasérfræðingur Hafrannsóknastofnunar skrifaði. Þar kemur fram niðurstaða vinnuhóps Alþjóðahafrannsóknaráðsins (ICES) um umhverfisáhrif mismunandi veiðarfæra. Niðurstaðan er allstaðar dragnótinni í hag.


Ekki er hægt að skilja skýrsluna um framtíð Breiðafjarðar öðruvísi en svo að með stofnun þjóðgarðs sé ákveðinni elítu fært gerræðisvald til að fella niður atvinnuréttindi og hlunnindi án þess að annað en hugmyndafræði viðkomandi komi fram. Tilvitnun í skýrslu „*Ráðherra hefur valdið og getur friðlýst. Í dag er yfirleitt ekki friðlýst án samráðsferils. Á grundvelli laga getur ráðherra almennt ekki friðlýst svæði án þess að spyrja kóng né prest, enda er það ekki lengur talið vænlegt til árangurs.*“ Í dag fara slíkir hlutir ekki í samráðsferli nema að undangenginni umfjöllun og aðkomu sérfræðinga. Í þessu tilfalli varðandi fiskveiða með aðkomu Hafrannsóknastofnunar.

Sé okkar skilningur réttur að með stofnun þjóðgarðs fái fámenn elíta gerræðisvald og geti í gegnum ráðuneyti sem ekki er fagræðuneyti þess sem málið snýst um, farið fram á friðlýsingu svæða án þess að fyrir liggi einhver fagleg úttekt. Þá er illa komið fyrir byggð á svæðinu. Á norðanverðu Snæfellsnesi eru dragnótaveiðar einn af stærri máttarstólpum atvinnulífsins. Ef sveitastjórnir halda ekki vöku sinni gætu þeir þurft að setja skilti við bæjarmörkin þar sem farið er fram á að sá síðasti sem yfirgefur bæinn, muni eftir að slökkva ljósin.

Við viljum mótmæla öllum áformum um að stjórn fiskveiða verði færð úr því faglega umhverfi sem það er í dag yfir í það að því sé stjórnað samkvæmt hugmyndafræði ákveðins hóps sem byggir hugmyndir sínar meira á tilfinningum en vísindum.

F.h. Samtaka dragnótamanna

Friðrik G. Halldórsson.



Rannsókn sérfræðinga ICES á umhverfisáhrifum veiðarfæra

Dragnót og handfæri lögð að jöfnu

Vinnunefndarhópur Alþjóðahaffransóknaráðsins (ICES) hefur gert úttekt á umhverfisáhrifum mismunandi veiðarfæra. Botnvarpa og plógur eru talin hafa mest skaðleg áhrif en gildrur minnst. Dragnót og handfæri koma þarna á milli.

GUDJÓN EINARSSON
gudjon@fiskifrattir.is

Umhverfisáhrif veiðarfæra eru oft mikið hitamál enda vilja flestir gera hlut síns veiðarfæris sem bestan í samanburði við önnur veiðarfæri. Haraldur Arnar Einarsson veiðarfærasérfræðingur hélt erindi um málið á Sjávarútvegsráðstefnunni á dögunum. Hann benti á að veiðarfæri væru afar ólík og því væri oft flókið að bera áhrifaþætti þeirra saman. Helstu aðferðir til samanburðar væru því huglæg mat þeirra sem best þekktu til.



Haraldur Arnar Einarsson.

Með umhverfisáhrifum veiðarfæra er átt við nokkra þætti svo sem olíunotkun við veiðarnar og óbeina orkuveiða. Haraldur Arnar Einarsson segir að veiðarfæri á fisk sem sleppur, álag á botn og botndýralíf, skaðsemi tapaðra veiðarfæra sem halda áfram að fiska og áhrif á fugla og spendýr sem flækjast í veiðarfæri.

Almenn nálgun
Haraldur Arnar greindi frá mati sérfræðinga í vinnunefndarhópi Alþjóðahaffransóknaráðsins á umhverfisáhrifum veiðarfæra og sjást niðurstöðurnar á skýringamynd og töflu sem fylgir hér með.

Haraldur sagði að útkoman væri keimlík niðurstöðum annarra rannsókna sem hann hefði séð. Hér væri um ákveðna almenna nálgun á málinu að ræða en vissulega gætu ýmsir þættir eins og til dæmis olíunotkun á hvert veitt kíló verið mismunandi eftir aðstæðum hverju sinni.

Eins og sést á skýringarmyndinni eru botnvarpa og plógur tal-


Umhverfisáhrif veiðarfæra eru oft mikið hitamál enda vilja flestir gera hlut síns veiðarfæris sem bestan í samanburði við önnur.

in hafa mest áhrif á umhverfið, síðan koma net og lína, þá dragnót og handfæri, svo flotvarpa og hringnót, og loks gildrur. Bestu einkunnina fær svo kafarinn sem litlum skaða veldur á umhverfinu.

Dragnótin
Athygli vekur að í niðurstöðum vísindamanna eru dragnót og handfæri lögð nokkurn veginn að jöfnu í þessari úttekt þegar kemur að áhrifum á umhverfið (sjá skýringarmynd). Þetta er eftirtektarvert í ljósi þess hversu mjög krókamenn hafa úthrópað dragnótina sem skaðræðisveiðarfæri. Sé málið skoðað nánar (sjá töflu) kemur í ljós að olíunotkun á hvert

Veiðiálag á botn

Gögn úr rafrænu aflagabókinni 2008-2010



Umhverfisáhrif einstakra veiðarfæra

Veiðarfæri	Botnáhrif	Lífslíkur fiska sem sleppa	Olíunotun á kg fisk
Botnvarpa	Töluverð	Háð tegundum og stærðum	0,2-0,5 lítrar
Flotvarpa	Lítill sem engin	Mjög háð möskvastærð	0,06-0,09 lítrar
Hringnót	Ekki mikil	Lítið sem ekkert	0,03-0,04 lítrar
Dragnót	Ekki mikil	Betri en úr vörpum	0,14-0,24 lítrar
Handfæri	Nánast engin	Óþekkt	0,1-0,2 lítrar
Lína	Lítill en þó einhver	Óþekkt	0,15 lítr. (minni bátar)
Net	Lítill en þó einhver	Lítið þekkt	0,07-0,13 lítrar
Gildrur	Bein áhrif	Drugaaveiðar	Mjög lítil

kíló er sögð nokkru meiri á dragnótaveiðum en handfæraveiðum.

Um lífslíkur fiska sem sleppur úr dragnót bendir Haraldur á að þær séu betri en fiska úr botnvörpu. Það helgst af því að dragnótin sé dregin hægar og veiðiferlið allt sé mun styttra. Hins vegar þurfi til þess að líta að flestir eða allir dragnótabátar taki pokann inn á síðunni. Við það slakni á möskvunum í belgnum fyrir utan og ef allinn er fleiri en einn poki geti fiskur sloppið út um opna möskvuna. Almenn sé talið að lífslíkur fiska sem sleppi í


yfirborði séu minni en fiska sem sleppur á meira veiðidýpi.

Handfærin

Lífslíkur fiska sem sleppur af krókum eru óþekktar, segir í úttekt sérfræðinga ICES. Að sögn Haraldar hafa verið gerðar tilraunir bæði héraðs og erlendis með að taka fisk af handfæra- og línukrökum og setja í búr til áframeldis, en komið hefur í ljós að mjög hátt hlutfall hans drepst. Hins vegar er ekki vitað hvernig fiskum sem sleppa af önglum neðansjár reiðir af, þ.e. hvort eða í

hve ríkkum mæli þeir bíði skaða af.

Ekki kemur á óvart að áhrif handfæra á botninn eru sögð nánast engin í úttektinni. Jafnframt er það metið svo að botnáhrif dragnótarinnar séu ekki mikil gagnstætt því sem krókaveiðimenn halda fram. Haraldur sagði að rannsóknir sýndu að áhrif dragnótar á botninn væru ekkert í líkingu við áhrif botnvörpu enda væru hvorki hlerar né bobbingalengjur notaðar við dragnótaveiðar. Þetta væri algjörliga ósamþæringlegt.




Frá dragnótaveiðum.


MYND/ KRISTINN BENEDIKTSSON

Umhverfisáhrif veiðarfæra

Mat sérfræðinga í vinnunefndarhópi Alþjóðahaffransóknaráðsins



Matsatriði
■ Áhrif á vistkerfið
■ Ólíla / afía
■ Meðalfli (ólándaður)
■ Óbein fiskveiðidauði



Niðurstöður starfshóps um faglega heildarendurskoðun
á regluverki varðandi notkun veiðarfæra, veiðisvæði
og verndunarsvæði á Íslandsmiðum – **lokaskýrsla**
til Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra

Reykjavík, 5. september 2018



Samtök dragnótamanna
Friðrik G. Halldórsson

Stykkishólmi, 21. desember 2020

Efni: Framtíð Breiðafjarðar: Samantekt og niðurstöður upplýsingaöflunar og samráðs Breiðafjarðarnefnar. Vegna dragnótarveiða.

Breiðafjarðarnefnd þakkar innsendar athugasemdir um samantekt nefndarinnar vegna framtíðar Breiðafjarðar. Nefndin biðst velvirðingar á óskýrri framsetningu varðandi afstöðu til dragnótarveiða á Breiðafirði.

Á blaðsíðu 32 í samantektinni stendur „*Hvatt er til þess að hafið, ströndin, landið, fuglar og fiskar verði verndað allt í heild. Stækka eigi svæðið eins og nefndin hefur talað um. Áhyggjur af ofveiði á ströndinni meðfram firðinum með dragnót sem ætti ekki að leyfa*“. Þessi ummæli sem þarna standa eru partur af fundargerð frá íbúafundi sem nefndin hélt í Snæfellsbæ þann 20. janúar 2020. Ummælin um dragnótina komu frá fundargesti og endurspegla á engan hátt afstöðu nefndarinnar eða einstakra nefndarmanna.

Nefndin hefur, í gegnum allt samráðsferlið, lagt áherslu á að rita nákvæmar fundargerðir frá öllum samráðsfundum nefndarinnar og halda öllum athugasemdum og afstöðu þátttakenda til haga. Láðst hefur að gera greinarmun á afstöðu fundargesta og nefndarmanna í viðaukum skýrslunnar.

Nefndin mun að sjálfsögðu taka þessar athugasemdir vegna dragnótarveiða til greina þegar lokahönd verður lögð á samantektina og breyta samantektinni þannig að greinarmunur verði gerður á orðum fundargesta og afstöðu nefndarinnar.

Nefndin leggur höfuðáherslu á að standa vörð um það atvinnulíf sem þegar er til staðar á svæðinu, og þá frekar að bæta í hvað varðar sjálfbæra nýtingu á auðlindum svæðisins. Eins og fram kemur í samantektinni þá telur nefndin að stjórn fiskveiða, eins og hún er í dag, byggi á vísindalegri þekkingu og sjónarmiðum um sjálfbærar veiðar, sem fer vel saman við náttúruvernd. Nefndin telur að umsjón fiskveiða á Breiðafirði eigi áfram að vera í höndum Hafrannsóknastofnunar og Fiskistofu.

Nefndinni þykir ákaflega leitt að framsetningin hafi ekki verið nægilega skýr og þakkar enn og aftur fyrir athugasemdirnar. Þær sanna hið margkveðna: „betur sjá augu en auga“.

Virðingarfyllst,
f.h. Breiðafjarðarnefndar,

Erla Friðriksdóttir,
formaður Breiðafjarðarnefndar

Kristinn Jónasson

From: Þorsteinn Narfason <thorsteinn@hev.is>
Sent: föstudagur, 18. desember 2020 13:27
To: Skorradalshreppur; Heilbrigðiseftirlit Vesturlands; karitas.jonsdottir@akranes.is; silja.steingrimsdottir@borgarbyggd.is; Auður Kjartansdóttir; jakob@stykkiholmur.is; sim@stykkiholmur.is; kalastadir@gmail.com; ragnildur; traustigylfason@gmail.com; sveitarstjori@dalir.is; jakob@stykkiholmur.is; bjorg@grundarfjordur.is; Kristinn Jónasson; eyjaogmiklaholtshreppur@vortex.is; afgreidsla@borgarbyggd.is; sveitarstjori@borgarbyggd.is; linda@hvalfjardarsveit.is; hvalfjardarsveit@hvalfjardarsveit.is; akranes@akranes.is; saevar.freyr.thrainsson@akranes.is; helgafellssveit341@gmail.com; daniel.ottesen@hvalfjardarsveit.is; Eiríkur Ólafsson; Páll Snævar Brynjarsson
Cc: Pétur Davíðsson; Árni Hjörleifsson; Jón Eiríkur Einarsson; Pétur Davíðsson
Subject: RE: Höfnun á fjárhagsáætlun HEV og gjaldskrátilögu HEV fyrir árið 2021
Attachments: Skorradalshreppur fjarhagsáætlun.pdf

Góðan dag

Bréf Skorradalshrepps var lagt fram á fundi Heilbrigðisnefndar Vesturlands þann 15. desember meðfylgjandi er bréf til Skorradalshrepps þar sem bókun heilbrigðisnefndar er kynnt.

Boðað verður til fundar um málið í framhaldinu líklegast á nýju ári úr þessu.

Kveðja

Þorsteinn Narfason,
framkvæmdastjóri.
Heilbrigðiseftirlit Vesturlands
Innri mel 3, 301 Akranes
Símar 4312750 og 6206566

From: Skorradalshreppur <skorradalur@skorradalur.is>
Sent: fimmtudagur, 10. desember 2020 02:40
To: Þorsteinn Narfason <thorsteinn@hev.is>; Heilbrigðiseftirlit Vesturlands <eftirlit@hev.is>; karitas.jonsdottir@akranes.is; silja.steingrimsdottir@borgarbyggd.is; audur@snb.is; jakob@stykkiholmur.is; sim@stykkiholmur.is; kalastadir@gmail.com; ragnildur@snæfellsnes.is; traustigylfason@gmail.com; sveitarstjori@dalir.is; jakob@stykkiholmur.is; bjorg@grundarfjordur.is; kristinn@snb.is; eyjaogmiklaholtshreppur@vortex.is; afgreidsla@borgarbyggd.is; sveitarstjori@borgarbyggd.is; linda@hvalfjardarsveit.is; hvalfjardarsveit@hvalfjardarsveit.is; akranes@akranes.is; saevar.freyr.thrainsson@akranes.is; helgafellssveit341@gmail.com; daniel.ottesen@hvalfjardarsveit.is; Eiríkur Ólafsson <eirikur@borgarbyggd.is>; Páll Snævar Brynjarsson <pall@ssv.is>
Cc: Pétur Davíðsson <grund@simnet.is>; Árni Hjörleifsson <arnih@skorradalur.is>; Jón Eiríkur Einarsson <jone@skorradalur.is>; Pétur Davíðsson <petur@skorradalur.is>
Subject: Höfnun á fjárhagsáætlun HEV og gjaldskrátilögu HEV fyrir árið 2021

Góðan daginn!

Sent á framkvæmdarstjóra Heilbrigðiseftirlitsins, stjórn HEV ásamt aðildarsveitarfélögum HEV.

Sveitarstjórn Skorradalshrepps tók fyrir fjárhagsáætlun og tillögu að gjaldskrá HEV fyrir árið 2021. Sjá bókun hér í viðhengi, ásamt excel skjali sem sýnir samanburð á gjaldtöku á milli annara umdæma og HEV á nýju gjaldskrártílgunni. Er það oft mikill munur á milli sömu atvinnustarfseminnar, að það stenst ekki miðað við 46 gr.

laga nr. 7/1998 hollustuhætti og mengunavarnir <https://www.alth-ingi.is/lagas/nuna/1998007.html>. Sjá skjáskot hér fyrir neðan – sýnir að gjaldið á ekki að vera hærra en raunkostnaður.

Er því ekki annað hægt að hafna tillögunni og eins fjárhagsáætlun og leggja til endurskoðunar heilbrigðisnefndar á bæði fjárhagsáætlun og tillögu að gjaldskrá.

Eins stenst gjaldskrártillagan fyrir 2021 heldur ekki þar sem hún vísar ekki í rétta lagagrein til að leggja á gjöld. Núverandi gjaldskrá HEV frá 2019 vísar í rétta lagagrein.

Læt fylgja með núverandi gjaldskrá HEV frá 2019 með ásamt gjaldskráum úr öðrum umdæmum. Einnig er tillaga HEV fyrir 2021 með.

Virðingarfyllt,
F.h. Skorradalshrepps
Pétur Davíðsson

■ **[46. gr.]¹ [Fjárhagsáætlunir og gjaldskrár.]²**

□ Heilbrigðisnefndir skulu fyrir 1. nóvember ár hvert gera fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár þar á eftir, innan fjárhagsramma sem sveitarfélög setja, og senda hana til viðkomandi sveitarfélaga til umfjöllunar og afgreiðslu. Sveitarfélög bera ábyrgð á fjármálum og rekstri heilbrigðiseftirlits á viðkomandi svæði. Þau hafa umsjón með fjármálum þess, skiptingu kostnaðar milli sveitarfélaga og álagningu eftirlitsgjalda. Við kostnaðarskiptingu skal miða við að allar tekjur af eftirlitskyldri starfsemi á svæðinu renni í sameiginlegan sjóð til greiðslu rekstrarkostnaðar heilbrigðiseftirlits á svæðinu. Sá kostnaður sem eftirlitsgjöld standa ekki undir greiðist af sveitarfélögunum í samræmi við íbúafjölda næstliðins árs.

□ Náist ekki samkomulag milli sveitarfélaga innan eftirlitssvæðis um hvaða sveitarfélag annist fjárreiður fyrir heilbrigðiseftirlitið skal [ráðherra] ³ úrskurða hvert þeirra skuli annast fjárreiðurnar að fenginni umsögn hlutaðeigandi sveitarfélaga.

□ [Heilbrigðisnefndir skulu fyrir 1. ágúst ár hvert birta á vefsvæði sínu skýrslu um starfsemi sína, þar sem fram komi yfirlit um helstu verkefni og áherslur undangengins árs, ásamt árstreikningi.

□ Heilbrigðisnefndum er heimilt að setja gjaldskrá og innheimta gjald fyrir:

1. Útgáfu starfsleyfa og vottorða, sem og endurskoðun eða breytingar á starfsleyfum, sbr. 6. gr.
2. Skráningu rekstraraðila, sbr. 8. gr.
3. Eftirlit, þ.m.t. sýnatöku, sbr. 47. gr.
4. Eftirfylgni eftirlits og beiðingu þvingunarskráa, sbr. XVII. kafla.] ⁴

□ [⁵ Upphæð [gjalds skv. 4. mgr.] ⁶ skal byggð á rekstraráætlun þar sem þau atriði eru rökstudd sem ákvörðun gjalds við viðkomandi eftirlit byggist á og má gjaldið ekki vera hærra en sá kostnaður. Hvert eftirlitssvæði skal hafa sameiginlega gjaldskrá og skal hlutaðeigandi heilbrigðisnefnd láta birta hana í B-deild Stjórnartíðinda. Gjöld má innheimta með fjárnámi. Gjöld skulu tryggð með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign tvö ár eftir gjalddaga þegar leyfi eða þjónusta er tengd notkun fasteignar. Heimilt er [hlutaðeigandi ráðherra] ⁷ að setja gjaldskrá og innheimta gjald á varnarsvæðum. [Ráðherra] ⁸ skal gefa út leiðbeinandi reglur ⁹ um uppbyggingu gjaldskráa ...] ¹⁰

¹L. 66/2017, 20. gr. ²L. 126/2011, 228. gr. ³L. 86/2018, 9. gr. ⁴Ásgl. 234/1999. ⁵L. 68/1998, 2. gr.



Skorradalshreppur

Horni

311 Borgarnes

18. desember 2020

Svar við erindi frá Skorradalshrepp

Á fundi heilbrigðisnefndar Vesturlands sem haldinn var þann 15. desember 2020 var lagt fram erindi Skorradalshrepps dagsett 10. desember 2020. Eftirfarandi var bókað um málið:

Bókun heilbrigðisnefndar Vesturlands vegna bréfs Skorradalshrepps dagsett 10. desember 2020 þar sem hreppurinn hafnar fjárhagsáætlun Heilbrigðiseftirlits Vesturlands fyrir árið 2021 og gjaldskrá.


Heilbrigðisnefnd telur mikilvægt að sátt ríki um störf sín og hefur lagt sig fram í að veita sem bestar upplýsingar um stöðu mála og hvert er stefnt. Í því sambandi var haldinn fundur með framkvæmdastjórum sveitarfélaga þann 28. október sl. þar sem staða Heilbrigðiseftirlits Vesturlands var kynnt ásamt fjárhagsáætlun fyrir árið 2021 og drögum að nýrri gjaldskrá. Á fundinum kom fram að mikilvægt væri að snúa við hallarekstri undanfarinna ára og að lögbundið eftirlit verði að fara fram með öllum fyrirtækjum á starfssvæði eftirlitsins en ekki bara hluta þeirra eins og verið hefur. Í kynningunni kom fram að ný gjaldskrá er byggð upp með öðrum hætti en eldri gjaldskrá því í þeirri nýju er lögbundin sýnataka innifalinn í árlegu eftirlitsgjaldi. Einnig er skilgreint hvaða starfsemisflokkar eru eftirlitsskyldir hjá fyrirtækjum. Það er því að mörgu leyti vandasamt verk að bera gjaldskrárnar saman en ljóst er að sú eldri stóð ekki undir kostnaði við eftirlitið og þurftu eigendur að greiða viðbótarframlög til að endar næðu saman á árinu 2019.

Skorradalshreppur bendir á að í 6. grein gjaldskrárinnar sé vísað sé í ranga lagagrein um gildistöku hennar. Í gjaldskránni er vísað í 12. gr laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingum. Ef breytingarlöggjöfin er uppfærð miðað við breytingar á lögnum er rétt að greinin er nú nr. 46. Skýrara hefði verið að vísa í 46. gr. laganna eins og Skorradalshreppur bendir á en hin framsetningin er ekki röng og tekur gjaldskrána ekki niður.

Heilbrigðisnefnd Vesturlands ber ábyrgð á setningu á gjaldskrá fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit á Vesturlandi í samræmi við 46. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, ekki er gert ráð fyrir umsögn eða samþykki sveitarfélaga hvað setningu þeirra varðar í lögnum. Í greininni kemur fram að heilbrigðisnefndir skulu fyrir 1. nóvember ár hvert gera fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár þar á eftir, innan fjárhagsramma sem sveitarfélög setja, og senda hana til viðkomandi sveitarfélaga til umfjöllunar og afgreiðslu. Fjárhagsáætlun var send sveitarfélögum með fundargögnum frá fundi sem haldinn var þann 20. október 2020. Í samstarfssamningi um Heilbrigðiseftirlit Vesturlands sem samþykktur var árið 2012 kemur fram í 7. grein að sveitarstjórn teljist samþykkt fjárhagsáætlun hafi athugasemd eigi verið gerð fyrir 1. desember. Fjárhagsáætlun sé samþykkt þegar sveitarfélög með meirihluta íbúa á Vesturlandi hafa fallist á hana. Heilbrigðisnefnd starfaði í samræmi við verklag sem þar kemur fram.

Heilbrigðisnefnd Vesturlands vill ná sátt um fjárhagsáætlun og gjaldskrá Heilbrigðiseftirlits Vesturlands og felur framkvæmdastjóra að yfirfara fjárhagsáætlun 2021 og gera tillögu að breytingu í samræmi við umræður á fundinum. Í framhaldi af því að boða til sameignlegs fundar með heilbrigðisnefnd og fulltrúum sveitarfélaga á Vesturlandi þar sem breytt fjárhagsáætlun og gildandi gjaldskránni verði kynntar og ræddar. Fjárhagsáætlun verði í kjölfarið send sveitarstjórnnum til afgreiðslu.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in black ink, reading "Þorsteinn Narfason". The signature is fluid and cursive, with the first letter 'Þ' being particularly large and stylized.

Þorsteinn Narfason,
framkvæmdastjóri.



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Til allra sveitarfélaga

Reykjavík 17. desember 2020

2009218SA KB
Málalykill: 02.20

Efni: Lokaskýrsla um tilraunaverkefni um sérstakan húsnæðisstuðning

Á fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga sem haldinn var 11. desember 2020 var lögð fram meðfylgjandi lokaskýrsla Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar um tilraunaverkefni um sérstakan húsnæðisstuðning, dags. í nóvember 2020.

Eftirfarandi var bókað og samþykkt:

„Stjórn sambandsins samþykkir að þær tillögur sem fram koma í skýrslunni verði kynntar fyrir sveitarstjórnnum og stjórnendum í velferðarþjónustu til að fá afstöðu þeirra um eitt opinbert stuðningskerfi við leigjendur.“

Framangreint tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson
framkvæmdastjóri



Samtök grænkerana
á Íslandi

Áskorun til sveitarfélaga um skýr markmið varðandi framboð grænkerafæðis í skólum.

Berist til sveitarstjórnar.

Samtök grænkerana á Íslandi sendu á dögnum áskorun til allra leik- og grunnskóla landsins. Í henni eru skólarnir hvattir til að bjóða oftari eða að lágmarki einu sinni í viku upp á grænkerafæði fyrir alla nemendur sína til að minnka kolefnisspor sitt. Í kjölfar áskorunarinnar viljum við skora á sveitarfélögin að setja skýr markmið varðandi aukið framboð grænkerafæðis í skólum.

Takmörk eru fyrir því hversu mikið framleiðendur dýraafurða geta dregið úr kolefnisspori sínu. Auk þess eru umhverfisáhrif þeirra dýraafurða sem minnst áhrif hafa yfirleitt meiri en plöntumiðaðra staðgengla þeirra. Möguleikinn til að draga úr kolefnisspori tengdu matvælum liggur því hjá neytendum og breytingar á matarvenjum í átt að plöntumiðaðra fæði eru mikilvægt skref til að ná árangri í loftslagsmálum (Poore og Nemecek, 2018). Í Nýja-Sjálandi er talið að breytingar á matarvenjum, sem og minni matarsóun, geti dregið úr losun gróðurhúsalofttegunda tengdum mataræði um allt að 42%, allt eftir því hversu viðamiklar þær séu (Drew, Cleghorn, Macmillan og Mizdrak, 2020).

Ísland er með háleit markmið þegar kemur að loftslagsmálum. Það er miður að í markmiðunum virðist helsta áherslan á sviði matvæla vera að draga úr umhverfisáhrifum á framleiðslustigi, sem samkvæmt niðurstöðum Poore og Nemecek (2019) er alls ekki nóg. Í dag er það undir hverjum og einum skóla komið hvort og þá hversu oft grænkerafæði er í boði. Í mörgum tilfellum þarf fólk sem lætur sig málefnið varða og hefur breytt matarvenjum sínum heima fyrir að nesti börn sín eða fá læknisvottorð til að þau geti fengið grænkerafæði í skólanum. Báðir kostirnir kalla á aukið álag fyrir foreldra og sumir einfaldlega leggja ekki í það þó þeir gjarnan vildu. Það er því talsvert um að börn borði dýraafurðir í skólum sínum, þvert á vilja sinn og/eða foreldra sinna. Viðhorfskönnun á meðal breskra barna á aldrinum 8-16 ára sýndi að 70% barnanna vildu fleiri kjötlausar máltíðir í skólanum. Hátt í fjórðungur barnanna sagðist hafa þurft að sleppa máltíð í skólanum vegna lítills framboðs á kjöt- og mjólkurlausum vörum og 77% sögðust hafa neyðst til að borða kjöt á einhverjum tímapiðki vegna þess að annað hefði ekki verið í boði (VeganLife, 2019).

Á Barnþingi árið 2019 kom fram skýr vilji íslenskra barna til að taka skref í þessum efnum. Börnin töldu að hægt væri að ná þessu með því að hafa grænmeti ódýrara, hvetja skóla til þess að hafa oftari grænkerafæði á boðstólum, fræða almenning um dýr og kenna börnum um

grænkerafæði í heimilisfræði (Umboðsmaður barna, 2020). Í samræmi við þessar niðurstöður og markmið Íslands í loftslagsmálum viljum við skora á sveitarfélögin að bregðast við og setja skýr markmið þegar kemur að framboði grænkerafæðis í skólum.

Hægt er að fara margar skilvirkar leiðir í átt að þessu, sem dæmi:

- Hafa grænkerafæði á boðstólum fyrir alla nemendur að lágmarki einu sinni í viku.
- Bjóða nemendum upp á grænkerafæði gegn lægra gjaldi. Þannig væri hægt að umbuna fólki fyrir að velja umhverfisvænt fæði og hvetja fleiri til að velja það.
- Kenna börnum að matreiða auðveldu grænkerarétti í heimilisfræði.

Við viljum brýna sérstaklega nauðsyn þess að aðgangur að grænkerafæði sé greiður fyrir þau börn sem það kjósa. Það telst til grunnmannréttinda að lífsskoðun þeirra og fjölskyldna þeirra sé virt. Einhver sveitarfélög hafa nú þegar stigið stór skref í þessa átt, til að mynda Mosfellsbær, og fögnum við því. Við hvetjum önnur sveitarfélög til að feta í þeirra fótspor.

Vanti ykkur ráðgjöf eða hafið einhverjar spurningar má ávallt hafa samband við okkur hjá samtökunum. Við tökum samtalinu fagnandi.

Virðingarfyllst,

Björk Gunnarsdóttir og Vigdís Fríða Þorvaldsdóttir, f.h. Samtaka grænkera á Íslandi.

Heimildir:

Drew, J., Cleghorn, C., Macmillan, A. og Mizdrak, A. (2020). Healthy and climate-friendly eating patterns in the New Zealand context. *Environmental Health Perspectives*, 128 (1), 1-13. Sótt af <https://ehp.niehs.nih.gov/doi/10.1289/EHP5996>

Poore, J. og Nemecek, T. (2018). Reducing food's environmental impacts through producers and consumers. *Science*, 360 (6392), 987-992. doi: 10.1126/science.aag0216

Umboðsmaður barna. (2020). Niðurstöður barnaþings 2019. Sótt af <https://www.barn.is/media/skyrslur/BarnathingSkyrsla2020.pdf>

VeganLife. (2019, 13. maí). 70% of British school children want more meat-free meals at school. Sótt af <https://www.veganlifemag.com/70-of-british-school-children-want-more-meat-free-meals-at-school/>



Samtök grænkerana á Íslandi

Áskorun til allra leik- og grunnskóla landsins

Berist til skólastjórnenda og matráðs/matreiðslumanns.

Í tilefni af Veganúar 2021 skora Samtök grænkerana á Íslandi á alla leik- og grunnskóla landsins að bjóða upp á grænkerafæði fyrir alla nemendur sína að minnsta kosti einu sinni í viku nú í janúar.

Veganúar er mánaðarlangt fræðsluátak á vegum Samtaka grænkerana á Íslandi sem fram fer í janúar á hverju ári. Markmið átaksins er að vekja fólk til umhugsunar um áhrif neyslu dýraafurða og kynna kosti grænkerafæðis fyrir heilsu, umhverfi og dýravernd.

Ávinningurinn af því að bjóða nemendum upp á grænkerafæði vikulega yrði margvíslegur. Fyrst ber að nefna þann ávinning sem hlytist af því umhverfislega en ræktun búfjár í landbúnaði ber ábyrgð á 14,5% (1) allrar losunar gróðurhúsalofttegunda af mannavöldum í heiminum, sem er meira en samanlögð losun allra vélknúinna farartækja á jörðinni (14%) (2).

Ísland er ekki undanskilið hvað þessi umhverfislegu áhrif varðar. Niðurstöður nýrrar skýrslu hér á landi sýna að umhverfisáhrif við framleiðslu á 1 kg af íslensku lambakjöti jafnast á við flugferð einstaklings til Evrópu (3). Talið er að matvælatengd losun á gróðurhúsalofttegundum geti aukist um 50-90% til ársins 2050 ef ekki verður gripið til stórtækra aðgerða (4). Niðurstöður nýsjálenskrar rannsóknar sýna fram á að hversu hagkvæm sem kjötframleiðsla í nærumhverfi er sé besta leiðin til að verjast loftslagsbreytingum ávallt sú að draga úr henni (5). Kolefnisspor þeirra dýraafurða sem minnst umhverfisáhrif hafa er yfirleitt hærra en plöntumiðaðra staðgengla þeirra og því eru breytingar á matarvenjum fólks í átt að plöntumiðaðra fæði mikilvægar. Þær skila umhverfislegum ávinningi sem framleiðendur geta ekki náð (6). Í Nýja-Sjálandi er talið að

breytingar á matarvenjum, sem og minni matarsóun, geti dregið úr losun tengdri mataræði um 4-42%, allt eftir því hversu viðamiklar þær séu (5).

Víða í heiminum hafa ríkisstofnanir tekið við sér og í auknum mæli boðið upp á kjötlausar rétti vegna vitundarvakningar í loftslagsmálum (7) og eru skólar þar á meðal. Betur má þó ef duga skal. Með því að bjóða upp á grænkerafæði fyrir alla nemendur að minnsta kosti einu sinni í viku geta skólar lagt sitt af mörkum til að minnka kolefnisspor sitt og þannig sporna við þessari ógnvænlegu þróun. Það hefur sýnt sig að vilji er til þess hjá börnunum sjálfum. Viðhorfskönnun á meðal breskra barna á aldrinum 8-16 ára sýndi að 70% barnanna vildu fleiri kjötlausar máltíðir í skólanum. Hátt í fjórðungur barnanna sagðist hafa þurft að sleppa máltíð í skólanum vegna lítils framboðs á kjöt- og mjólkurlausum vörum og 77% sögðust hafa neyðst til að borða kjöt á einhverjum tímapunkti vegna þess að annað hefði ekki verið í boði (8). Við greiningu YouGov á matarvenjum Breta kom fram að tæplega þriðjungur skólabarna vildi borða minna kjöt en það væri þó enn á matseðlum að minnsta kosti þrisvar sinnum í viku hjá langstærstum hluta þeirra (9). Íslensk börn hafa einnig látið í sér heyra. Á barnþingi árið 2019 kom fram skýr vilji þeirra til að „...minnka kjötneyslu og hætta dýraniði því það er óréttlátt og því kjöt mengar og við þurfum að bjarga jörðinni strax.“ Börnin töldu að hægt væri að ná þessu með því að hafa grænmeti ódýrara, hvetja skóla til þess að hafa oftari grænkerafæði á boðstólum, fræða almenning um dýr og kenna börnum um grænkerafæði í heimilisfræði (10).

Stærstu samtök næringarfræðinga í heiminum hafa lýst yfir að vel samsett grænkerafæði uppfylli allar næringarlegar þarfir einstaklinga á öllum aldri (11) og það ætti því ekkert að standa í vegi fyrir aukinni áherslu á grænkerafæði.

Auk umhverfislegra áhrifa má spara umtalsverðar fjárhæðir með því að bjóða oftari upp á grænkerafæði, sér í lagi ef próteingjafar sem boðið er upp á eru lítið unnir og samanstanda að mestu af ódýrum hráefnum líkt og baunum og tófú. Aukin áhersla á grænkerafæði getur einnig einfaldað verulega störf matráða en fjórir af átta algengustu ofnæmisvöldunum eru upprunnir úr dýraríkinu.

Það kann að virðast flókið verkefni að bjóða upp á grænkerafæði fyrir alla en staðreyndin er sú að það þarf ekki að vera það. Þannig er auðvelt að gera grænkeráútgáfur af flestum klassískum réttum, svo sem bolognese, lasagna og grjónagraut, en einnig er hægt að gera spennandi rétti sem eru örlítið meira framandi.

Vanti ykkur ráðgjöf eða hafið einhverjar spurningar má ávallt hafa samband við okkur hjá samtökunum. Við tökum samtalinu fagnandi. Uppskriftir og annan fróðleik má nálgast á www.veganuar.is.

Endilega látið okkur vita ef þið verðið við áskorun okkar. Það væri sannur heiður að fá að fylgjast með og deila fregnum af skólanum ykkar á miðlum okkar.

Bestu kveðjur,

Björk Gunnarsdóttir, f.h. Samtaka grænkeru á Íslandi og skipulagsteymis Veganúar 2021

Heimildir

1. Food and Agriculture Organization of the United Nations. (e.d.). Key facts and findings. Sótt af <http://www.fao.org/news/story/en/item/197623/icode/>
2. Edenhofer, O., Pichs-Madruga, R., Sokona, Y., Farahani, E., Kadner, S., Seyboth, K., . . . Minx, J.C. (ritstjórar). (2014). *IPCC, 2014: Climate Change 2014: Mitigation of Climate Change. Contribution of Working Group III to the Fifth Assessment Report of the Intergovernmental Panel on Climate Change*. Cambridge, Bretlandi og New York, NY, Bandaríkjunum: Cambridge University Press.
Sótt af https://www.ipcc.ch/site/assets/uploads/2018/02/ipcc_wg3_ar5_full.pdf
3. Ólafur Arnalds og Jón Guðmundsson. (2020). *Loftslag, kolefni og mold*. Sótt af http://www.lbhi.is/sites/lbhi.is/files/gogn/vidhengi/rit_lbhi_nr_133_loftslag_og_mold_0a_2020.pdf
4. Springmann, M., Clark, M., Mason-D'Croz, D., Wiebe, K., Bodirsky, B. L., Lassaletta, L., . . . Willett, W. (2018). Options for keeping the food system within environmental limits. *Nature*, 562, 519-525.
5. Drew, J., Cleghorn, C., Macmillan, A. og Mizdrak, A. (2020). Healthy and climate-friendly eating patterns in the New Zealand context. *Environmental Health Perspectives*, 128(1), 1-13. Sótt af <https://ehp.niehs.nih.gov/doi/10.1289/EHP5996>
6. Poore, J. og Nemecek, T. (2018). Reducing food's environmental impacts through producers and consumers. *Science*, 360(6392), 987-992. doi: 10.1126/science.aag0216
7. Carrington, D. (2020, 16. apríl). UK school and hospital caterers vow to cut meat served by 20%. Sótt af <https://www.theguardian.com/environment/2020/apr/16/school-and-hospital-caterers-vow-to-cut-meat-served-by-20>
8. VeganLife. (2019, 13. maí). 70% of British school children want more meat-free meals at school. Sótt af <https://www.veganlifemag.com/70-of-british-school-children-want-more-meat-free-meals-at-school/>
9. YouGov. (2019). *Is the future of food flexitarian?: YouGov analysis of Brits' dietary habits and attitudes to meat consumption*. Sótt í gegnum <https://yougov.co.uk/topics/resources/articles-reports/2019/03/18/future-food-flexitarian>
10. Umboðsmaður barna. (2020). *Niðurstöður barnaþings 2019*. Sótt af <https://www.barn.is/media/skyrslur/BarnathingSkyrsla2020.pdf>
11. Craig W. J., Mangels A. R. og American Dietetic Association. (2009). Position of the American Dietetic Association: vegetarian diets. *Journal of the American Dietetic Association*, 109(7), 1266-1282. doi: 10.1016/j.jada.2009.05.027